

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Katrínu Oddsdóttur og Lýð Árnasyni

Lagt fram á 13. fundi Stjórnlagaráðs, 16.6.2011

Utanríkismál

3. gr. Framsal ríkisvalds

| Breytingartillaga | Ákvæði eftir breytingu ² | Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu |
|---------------------------------------|---|--|
| Orðalagsbreyting til að skýra 2. mgr. | <p>Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst.</p> <p>Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.</p> | <p>Heimilt er að gera alþjóðasamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahags-samvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt samningi felst.</p> <p>Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.</p> |

Skýring:

Með breytingartillögunni er leitast við að skýra að þjóðaratkvæðagreiðsla um fullveldisframsal skuli bindandi. Jafnframt er dregið úr óheppilegu orðalagi sem virðist ganga út frá því að Alþingi samþykki framsal fullveldis.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.